

2. fundur skólaráðs skólaárið 2021-2022 - 17. nóvember kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Birgir Már Birgisson, Elmar Ingi Gunnþórsson og Ólína Helga Sigþórsdóttir

Svala Fanney Njálisdóttir, Hermann Gunnar Jónsson, Heiða Björk Pétursdóttir og Sigurður Baldur Þorsteinsson voru fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Þorgeir Rúnar Finnsson

1. Fjárhagsáætlun 2022

Vinnu við áætlanagerð ekki lokið enn. Vonast eftir að hægt verði að halda svipuðum kennslustundafjölda til að geta sinnt nemendum sem best. Líklega ekki mikið svigrúm í mikil tækjakaup og annað, en þó vonast eftir að hægt verði að koma miðstiginu á þar við aðra nemendahópa hvað varðar tækjakost.

Stólar á Kaðalstaði verða keyptir og eiga að berast fljótlega á nýju ári, mikil þörf á því þar sem gömlu stólarnir eru mjög orðnir mjög slappir.

Annað í áætlun verður líklega á svipuðu róli en kemur í ljós þegar áætlun liggur endanlega fyrir.

2. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Eins og rætt hefur verið áður eru 2-3 framkvæmdir sem eru sannarlega „komnar á tíma“; salernin uppi, forstofan uppi og leiksvæðið. Einnig spurning með breytingar á húsnæði til að styðja við teymiskennsluna svo sem að opna á milli stofa og setja harmonikkuhurðir o.þ.h. Í fyrra var rætt að setja útisvæðið fremst - það væri langskemmtilegasta framkvæmdin - en líkast til líka sú dýrasta ef það á að gera það almennilega. Því þarf þetta að ráðast bæði af fjárfestingagetu sveitarfélagsins og því hvar þörfin er brýnust og allt eins líklegt að farið verði t.d. í forstofuna fyrst. Það er minni framkvæmd og líka komin á tíma. Eins og áður hefur verið rætt er ávallt forgangsatriði að forða því að húsið liggja undir skemmdum og því þarf einnig að skoða röð framkvæmda í því ljósi.

Hins vegar telur skólaráð klárlega mikilvægt að pressa áfram á að útisvæðið verði tekið í gegn fljótlega og helst almennilega, ekki bútasam sem kostar lítið og bætir lítið. Hugmyndir sem nemendur komu með í fyrra voru margar mjög sniðugar og vonandi að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir sem fyrst. Einnig rætt á fundinum að skoða mögulega áhuga fólks og fyrirtækja í sveitarfélaginu að koma að þessu verki í sjálfböðavinnu (slíkt var t.d. gert í Bolungarvík þegar körfubolta „park“ þar var gerður).

3. Skólanámskrá

Smávægilegar breytingar voru gerðar á skólanámskránni í takt við innleiðingu teymiskennslu og breytts vinnulags í skólanum í tengslum við það. Áfram stendur út af kaflinn um námsmat, þar á eftir að samræma og ákveða hvaða leið við ætlum að fara sem skóli. Núna eigum við

þó fullt í fangi með að innleiða teymiskennsluna og ágætt að leyfa því að komast í fastar skorður áður en við tækjum námsmatið, en það væri þó mjög gott að komast í að samræma það og setja okkur stefnu í þeim málum.

4. Nefndarstörf - þróunarverkefni

Nokkrar nefndir starfandi sem hafa það hlutverk að keyra áfram þróunarverkefni og annað hér í skólanum.

- Grænfánanefnd: Heldur utan um Grænfánamál, moltu, endurvinnslu og hefur það hlutverk að halda málefnum á lofti. Í vor stendur til að skrifa skýrslu og sækja um Grænfánann.
- Heilsueflandi nefnd: Heldur utan um heilsueflandi mál í skólanum, fer yfir matseðla og kemur með ábendingar (t.d. um að setja grænmetisrétti á matseðil, stefnt að því f.o.m. desember 2021), og er með í ráðum varðandi hreyfistundina á morgnana svo eitthvað sé nefnt.
- Læsisnefnd: Heldur málefnum á lofti í skólanum, kemur með hugmyndir að átaksverkefnum og fleira í þeim dúr.
- Innleiðing teymiskennslu. Þar njótum við aðstoðar Ingvars Sigurgeirssonar sem kom t.d. í heimsókn í skólann 15. nóvember sl. og ræddi við nemendur, kennarateymi og skólastjóra og hjálpar okkur að taka út hvernig innleiðingarferlið er að ganga.

5. Önnur mál

a. Tónlistar- og upptökuherbergi

Skólinn fékk veglegan styrk frá Sænesi á afmælishátíð skólans til þess að setja upp tónlistar- og upptökuherbergi í Grýtu. Þar verður sett upp aðstoða fyrir hljómsveitir og einnig glæsileg tölva og upptökubúnaður fyrir tónlist, hlaðvörp o.þ.h. Það er von okkar að þetta muni nýtast bæði til þess að efla tónlistarlífið enn frekar í skólanum, bæta aðstöðuna fyrir spilatímana og ekki síst auka möguleikann á fjölbreyttum skapandi skilum fyrir nemendur. Þá er vonandi að það að hafa alvöru græjur á svæðinu kveiki neista á t.d. hljóðvinnslu, mynd- og myndbandavinnslu og öðru slíku.

b. Mötuneytismál

Um áramót reiknum við með því að farið verði að elda fyrir leikskólann Krummafót hér í skólanum. Stefnan er að ráða starfsmann á leikskólann sem mun hafa það hlutverk að aðstoða matráð við undirbúning á matnum og að fara svo með hann niður í leikskóla í hádeginu og sjá um frágang þar á eftir. Þetta mun kalla á einhverja endurskoðun á heimilisfræðinni hér í skólanum. Áfram reiknum við með því að nemendur fari í heimilisfræði en í stað þess að aðstoða við undirbúning matarins verður jafnvel farið í að baka fleiri saman, hugsanlega býður þetta upp á fjölbreyttari verkefni fyrir nemendur. Við reiknum með að halda áfram að leggja á borð og ganga frá eins og verið hefur, en uppleggið breytist þó eitthvað. Þetta á eftir að ræða betur og finna út hvernig þetta mun ganga best upp.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:40.